

Tillaga

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að lengja götulýsinguna í það sem var fyrir hrun í ljósi mikils sparnaðs með nýrri LED tækni sem búið er að setja upp.

Greinargerð

Nú dimmir óðum enda skammt í að haustið og veturinn skelli á og þarf að komast til framkvæmda áður en skólarnir byrja og auka þar með öryggi barna í umræðunni. Nágrannasveitarfélög eru mörg hver með lengri götulýsingar tíma. Þetta snýst um hálf tíma til 40 mín. Skiljanlega var leitað leiða til að draga úr kostnaði eftir hrun. Með því að stytta tíma götulýsinga spöruðust nokkrar milljónir. Eftir að LED-lýsing tók algerlega við sem er bæði orkunýtnari og endingarbetri er sjálfsagt að að þessi breyting gangi til baka.